

**Ed.**

### **319. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Dalvíkurhreppi jörðina Bökkvisstaði.

Flm.: Bernharð Stefánsson.

#### **1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Dalvíkurhreppi jörðina Bökkvisstaði í Dalvíkurhreppi.

Land býlisins Árgerðis fylgi með í sölnunni með því skilyrði, að hreppsnefnd Dalvíkurhrepps leigi það núverandi héraðslækni Dalvíkurhéraðs til erfðaleigu-ábúðar, samkvæmt lögum nr. 8 1. febrúar 1936, fyrir sama eftirgjald og hann greiðir nú.

Námaréttindi skulu undanskilin sölnunni.

#### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### **Greinargerð.**

Frumvarp þetta er flutt samkv. beiðni hreppsnefndar Dalvíkurhrepps. Dalvíkurkaupún stendur að nokkru á Bökkvisstaðalandi, og allt annað land jarðarinnar er í nágrenni kaupúnsins. Er það vel fallið til ræktunar, og er því brýn nauðsyn fyrir íbúa kaupúnsins að fá það til afnota.

Býlið Árgerði er byggt úr Bökkvisstaðalandi, og er því eðlilegt, að það fylgi með í sölnunni. Þar hefur héraðslæknirinn á Dalvík byggt íbúðarhús og ætlar að setjast þar að í vor; hefur hann land býlisins, 6,4 ha, á leigu.

Er það samkomulag hreppsnefndar og héraðslæknis, að hann fái laud þetta til erfðaleiguábúðar um leið og salan fer fram, en óþarft virðist, að leigumáli breytist við eigendaskiptin. Árgerði var lengi læknissetur í héraðinu.